

Fornleifaskráning fyrir Skotsvæði á norðanverðu Álfsnesi

Margrét Björk Magnúsdóttir
Anna Lís Guðmundsdóttir




Reykjavík 2023

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 228

Fornleifaskráning fyrir Skotsvæði á norðanverðu Álfsnesi

Margrét Björk Magnúsdóttir
Anna Lís Guðmundsdóttir



Reykjavík 2023

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 228

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur
Margrét Björk Magnúsdóttir
Anna Lís Guðmundsdóttir

Mynd á forsíðu:

Skotsvæði á Álfnesi horft til austurs, nær er svæði Skotfélags Reykjavíkur en fjær svæði Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis. Ljósmyndari: Margrét Björk Magnúsdóttir.

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 228
Reykjavík 2023
Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur.....	3
2. Álfnes 125650 273 saga	4
Háheiði	4
3. Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja.....	5
4. Aðferð við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja	7
5. Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar	8
5.1 Skrá yfir fornleifar og yngri minjar á norðanverðu Álfnesi	9
Álfnes 273- 33 Varða.....	9
Álfnes 273-34 Skotgröf	10
Álfnes 273-35 Skotgröf	11
5.2 Niðurstöður	12
6. Heimildaskrá.....	12
Óprentaðar /Óútgefnar heimildir.....	12
Prentaðar / Útgefnar heimildir.....	12
Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar	13
Viðauki 1	14
Minjatafla fyrir skráningarsvæðið á norðanverðu Álfnesi	14
Minjakort fyrir skráningarsvæðið á norðanverðu Álfnesi.....	14

Formáli

Hér fer á eftir skráning fornleifa og yngri minja á norðanverðu Álfsnesi vegna breytingar á aðalskipulagi er varðar skotípróttasvæði ÍP9, sjá afmörkun á mynd 1.

Skráningin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árábil gert fornleifaskráningar og fylgja þær ákvæðum um skráningu menningarminja sem er að finna í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „...ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt eða áður en gefið er út leyfi til framkvæmda.¹

Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið

3039. Vettvangsrannsókn fór fram 19. maí 2023. Kort og teikningar voru unnin á grunna

Landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðháttum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati.

Reykjavík 2023

María Karen Sigurðardóttir

Deildarstjóri minjavörslu og rannsókna


Borgarsögusafni Reykjavíkur

¹ Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá skráningu minja á norðanverðu Álfsnesi sem gengur út í Kollafjörð. Skráningarsvæðið er ílangt og liggur austur vestur á norðanverðu Álfsnesinu, sjá mynd 1. Við sjóinn eru sjávarhamrar og vestast á svæðinu á Höfða, og með sjónum að norðanverðu eru stórgrýttir móar og grjóturð. Svæðið er afgirt þar sem tvö skotfélög hafa haft þar aðstöðu til skamms tíma, *Skotfélag Reykjavíkur* á vesturhluta svæðisins og *Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis* á austurhluta þess, en töluvert jarðrask hefur verið í kringum bæði skotsvæðin.

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla og eru fornleifar og yngri minjar skráðar undir jarðir eins og jarðaskipting var um 1847. Skipulagssvæðið sem hér er til umfjöllunar tilheyrði áður jörðinni Álfsnesi (125650-373), en bærinn er á sunnanverðu nesinu við Þerneyjarsund.



Mynd 1. Afmörkun á úttektarsvæði á norðanverðu Álfsnesi, svört brotalína, sem er jafnframt afgirt svæði þar sem skotfélögin hafa haft aðstöðu síðan 2005. Skotfélag Reykjavíkur á vesturhluta svæðisins og Skotfélag Reykjavíkur og nágrennis á austurhlutan .

Fyrir liggja eldri skráningar minja á svæðinu. Árið 2008 skráði Sindri Ellertsson Csillag svæðið þegar hann gerði fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfsnesi og Anna Lís Guðmundsdóttir skráði hluta af svæðinu vegna mats á umhverfisáhrifum Sundabrautar og skráði þá jafnframt sögu jarðarinnar.²

Minjastofnun Íslands úthlutaði skráningunni verkefnanúmerinu **3039** sem var unnin eftir stöðlum og reglum stofnunarinnar og hefur landupplýsingagögnum verið skilað til hennar.³ Um vettvangsskráningu sá Margrét Björk Magnúsdóttir í maí 2023. Farið var yfir skráningarsvæðið og leitað að minjum að undangenginni heimildakönnun sem fólst í því að farið var yfir fyrri rannsóknir og

² Sindri Ellertsson Csillag, *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfsnesi í Reykjavík*. 2008; Anna Lís Guðmundsdóttir, *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu*. 2008.

³ Minjastofnun Íslands, *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013 og Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019.

heimildir sem varða svæðið, rýnt í örnefnalýsingar, gömul kort og loftmyndir. Þegar minjar fundust voru þær ljósmyndaðar og mældar upp með Trimble TDC150 og hnitsettar í ISN93. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap af skýrsluhöfundum nema annað sé tekið fram. Vísað er til heimilda eftir því sem við á.

2. Álfsnes 125650 273 saga

Álfsnes (Hálsnes) bærinn er upp og norður af Álfsnesvík við Þerneyjarsund. Þar hefur verið búseta frá landnámi. Jörðin dregur nafn sitt af landslaginu, nesinu sjálfu. Í Jarðabókinni 1704 er jörðin nefnd Alsnes og innan sviga Álfsnes og einnig Halsness.⁴ Stefán Þorvaldsson kallaði jörðina Hálsnes 1855.⁵ Nýbýlið Naustanes sem stendur sunnan Kollafjarðar var byggt úr Álfsnesi 1946, á mörkum jarðanna Kollafjarðar og Álfsness. Fagranes var sumarbústaður og íbúðarhús sem byggt var úr landi Álfsness vestan vegarins niður að Álfsnesi en norðan heiðar. Það var síðar flutt á Suðurlandsbraut 74 í Reykjavík.⁶ Urðun sorps hefur verið í Álfsnesi á vegum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu frá árinu 1991.⁷

Álfsness er getið í Landnámabók. Þar bjó Þórður Helgason, sonarsonur Halls goðlausa sem nam land á milli Mógilsár og Leirvogsár að ráði Ingólfs og bjó í Múla.⁸ Álfsnes var í eigu Þerneyjarkirkju og er getið í máldögum hennar frá 1220. Þar er líka talað um bænhús í Álfsnesi sem til eigi að kaupa þrettán messur.⁹ Álfsnes er talið upp sem eign Þerneyjarkirkju í máldögum 1367 og 1397 og jarðarinnar er getið í máldaga frá 1553 og Gíslamáldögum um 1575.¹⁰ Jörðin var metin á 20 hundruð á árunum 1686 og 1695 og var í eigu konungs.¹¹ Þegar Jarðabók Árna og Páls var gerð 1704 var Álfsnes í eigu konungs en dýrleika ekki getið. Ábúendur voru tveir og bjuggu hvor á sínum helmingi jarðarinnar. Hægt var að fódra tíu kýr og sextán lömb á allri jörðinni. Geldnautarekstur átti jörðin uppá Hvannavelli á Mosfellsheiði. Fátt var talið jörðinni til tekna og barlómur mikill. Torfrista, stunga og mótak voru varla nýtandi og rekavon lítil. Sölvafjara var að mestu þrotin en hrognkelsafjara nokkur. Heimræði var allt árið þegar fiskur gekk til sunds. Tún og engjar voru meinþýfð og landþröng mikil og því hafði forn eyðijörð sem kallaðist Háheiði verið lögð til beitar og annarra nytja og jókst þá landskuld um helming. Mikil flæðihætta var og sjór braut af túnum. Stórviðri sköðuðu stundum hús og hey og vatnsból var lélegt. Hjáleiga Álfsness var Urðarkot eða Glóra og reiknaðist jarðardýrleiki með heimajörðinni.¹² Kaupverð Álfsness (273-274) var 665 ríkisdalir þegar jörðin var seld með Glóru úr eigu konungs 1838.¹³ Þegar Jarðatal Johnsen var gert 1847 var Álfsnes bændaeign, metin á 20 hundruð en sýslumaður vildi setja 5 hundruð á Glóru.¹⁴

Háheiði

Háheiði (Hávaheiði) er getið í máldögum Þerneyjarkirkju frá 1220 fram til um 1570, var ein af fjórum landareignum kirkjunnar.¹⁵ Þegar Jarðarbók Árna og Páls var gerð var Háheiði sögð forn eyðijörð og þá mundi enginn hversu lengi svo hafði verið. Þá var ekki talið að hægt væri að byggja þar aftur því

⁴ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, III. b., bls. 332–335.

⁵ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, III. b., bls. 332–335. Stefán Þorvaldsson, 2007, bls. 152.

⁶ Þorsteinn Jónsson, 1998, bls. 409.

⁷ Sorpa vefsíða: sorpa.is um sorpu/saga-sorpu.

⁸ Íslenzkt fornbréfasafn, I. b., bls. 50.

⁹ Íslenzkt fornbréfasafn, I. b., bls. 413.

¹⁰ Íslenzkt fornbréfasafn, IV. b., bls. 113. XII. b., bls. 665. XV. b., bls. 635.

¹¹ Björn Lárusson, 1967, bls. 131.

¹² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, III. b., bls. 332–335.

¹³ J. Johnsen, 1847, bls. 438.

¹⁴ J. Johnsen, 1847, bls. 96.

¹⁵ Íslenzkt fornbréfasafn, I. b., bls. 413, II. b., bls. 64, IV. b., bls. 113, XV. b., bls. 635.

töðuvöllur var ónýtur og grasnaut sem eftir var lá til Halsness (Álfsness).¹⁶ Háheiði hefur sennilega farið í eyði seint á 16. öld eða snemma á 17. öld og enginn mundi eftir því 1704 að hún hefði verið byggð.¹⁷ Ekki er vitað hvar býlið var staðsett.

3. Almennt um verndun menningarminja: fornleifa, húsa og mannvirkja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer ráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.¹⁸

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

¹⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III. b., bls. 335.

¹⁷ Íslenskt fornbréfasafn, I. b., bls. 412.

¹⁸ Lög um menningarminjar nr. 80/2012, tóku gildi 1.1.2013.

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs þjóðarinnar:

- a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsapýrpingar og götumyndir,
- b. kirkjur og bænhus, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
- c. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð:

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalaus. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaaðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaaðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

4. Aðferð við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2023) eru um 4000 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi *landsnúmer* sem fasteignaskrá þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi *jarðarnúmer* fengið úr Jarðatali J. Johnsen frá 1847 og í þriðja lagi *númer fornleifar*, hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notaðar þær tvær síðastnefndu ásamt nafni jarðarinnar: *Álfsnes 273-1*. Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum og reglum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹⁹ Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **3039**.

Við skráningu menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið. Rýnt er í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir og gerð er vettvangsrannsókn. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp, hnitsettar og ljósmyndaðar. Í fornleifaskránni kemur fram sérheiti fornleifanna ef eitthvert er, því næst hlutverk, sem stundum er þekkt eða hægt að ákvarða og tegund, sem lýsir hvers eðlis fornleifarnar eru og síðan er lagt mat á ástand þeirra. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, *en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask*. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Þá er reynt að áætla út frá útliti og staðsetningu hvaða hlutverk minjar hafa haft og lagt mat á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekkar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar. Ef minjarnar eru sjáanlegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.²⁰ Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar. Elstu minjarnar eru fornleifar 100 ára eða eldri í *rauðum flokki* og eru þær friðaðar og hafa 15 m friðhelgað svæði, þeim má enginn breyta, hylja eða raska. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit. Í *gulum flokki* eru minjar sem teljast ekki til friðaðra fornleifa en verða friðaðar fornleifar á næstu árum. Í *grænum flokki* eru yngri minjar frá því eftir 1930. Herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar *bláum lit*. Þær eru frá árunum 1940-45 en sérstaklega er nú gætt að þeim minjum þar sem þær fara að verða fágætar á Reykjavíkursvæðinu.

Tafla 1. Aldursflokkun minja.

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1923-1930	● Gulur
3	Minjar frá 1930 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

¹⁹ Minjastofnun Íslands, *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013; Reglur um skráningu jarðfastara menningarminja vegna skipulags og framkvæmda, nr. 620/2019; Lög um menningarminjar, nr. 80/2012.

²⁰ Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá.

5. Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar

Hér fer á eftir skráning fornleifa og yngri minja á skráningarsvæði á norðanverðu Álfsnesi, sjá afmörkun skráningarsvæðisins á mynd 1 og 2.



Mynd 2. Afmörkun skráningarsvæðis á norðanverðu Álfsnesi, rauð brotalína, örnefni og skráðar fornleifar. Sunnan við svæðið er mótorkrossbraut þar sem áður voru tún og sunnar eru bæjarstæði Álfsness og urðunarstaður Sorpu.

5.1 Skrá yfir fornleifar og yngri minjar á norðanverðu Álfnesi

Álfnes 273- 33 Varða

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
273-33		Varða	Varða	• 1900	365518	413227	1	0,9	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Á brún sjávarhamra á norðvestanverðu Álfnesi fremst á Höfða er varða. Varðan var skráð árið 2008 en síðan þá hefur hún hrunið, eða lækkað um helming. Þá var hún talin vera hlaðin um 1900 og hafi mögulega verið hlaðin á gömlu vörðustæði.²¹ Varðan er ekki landamerkjavarða en vegna staðsetningar hennar á bjargbrúninni gæti hún verið mið eða siglingamerki.

Lýsing: Varðan er hlaðin úr nokkrum stórum steinum ofan á sléttri klöpp.



Mynd 3. Varða (273-33) á Höfða, norðvestan á Álfnesi. Horft til norðurs að Móum á Kjalarnesi.



Mynd 4. Varða (273-33) árið 2008, horft til norðvesturs, ljósmyndari Sindri Ellertsson Csillag.



Mynd 5. Varða (273-33) árið 2023 töluvert lægri en 2008, horft til norðvesturs.

²¹ Sindri Ellertsson Csillag, *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfnesi í Reykjavík*, bls. 35.

Álfsnes 273-34 Skotgröf

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
273-34		Skortgröf	Skotgröf	• 1940	366284	413249	7,5	7,5	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Á norðanverðu Álfsnesi ofan við Djúpuvík í Kollafirði. Norðan við jarðvegsmön við skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur, í stórgrýtttri urð fast við malarslóða.

Lýsing: Skotgröfin hefur verið mótuð í stórgrýtisurð.



Mynd 6. Horft yfir skotgröf (273-34) og Kollafjörð til norðnorðausturs að Kjalarnesi og Esju.



Mynd 7. Horft yfir skotgröf (273-34) til norðvesturs að Kjalarnesi, Esju og Akrafalli.

Álfsnes 273-35 Skotgröf

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
273-35		Skotgröf	Grjóthrúga	• 1940	365721	413041	12	11	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Á Álfsnesi við vesturenda á jarðvegsmön við skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur er skotgröf.

Lýsing: Grjóthrúga með hringlaga laut á toppnum.



Mynd 8. Skotgröf (273-35) á grjóthrúgu. Horft til vesturs að Lundey og Kjalarnes til hægri.



Mynd 9. Skotgröf (273-35) og endinn á jarðvegsmön við skotsvæði, horft til norðvesturs.

5.2 Niðurstöður

Á svæðinu eru skráðar þrjár minjar, ein fornleif, varða (273-33) sem er norðvestast á nesinu, sennilega mið eða siglingamerki, austar eru ummerki frá tímum hersettunnar, skotgröf (273-34) á norðanverðu nesinu og önnur (273-35) við vesturendann á jarðvegsmön Skotfélags Reykjavíkur. Fyrir utan svæðið og 30 m utan girðingar, er varða (273-32) og 48 m norðaustur af eru sennilega ummerki eftir herinn; grjóthrúga og niðurgröftur (273-36), en úttekt á þeim er ekki skráð hér. Ekki er vitað hvar býlið „Háheiði“ var, en frekari rannsóknir gætu leitt það í ljós.

Þó svo að fornleifaskráning hafi farið fram, er það engin trygging fyrir því að ekki séu óþekktar fornleifar á svæðinu, en komi minjar í ljós við framkvæmdir skal tilkynna það Minjastofnun Íslands.

6. Heimildaskrá

Óprentaðar / Óútgefnar heimildir

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Bréfasafn.

Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.

Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum örnefnalýsingar á sarpur.is

Prentaðar / Útgefnar heimildir

Anna Lísu Guðmundsdóttir. *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu*. Skýrsla nr. 139. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur, 2008.

Björn Lárusson. *The old Icelandic land registers*. Lund: Gleerup, 1967.

Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. Fyrsta bindi 834-1264. Kaupmannahöfn. Hið íslenska bókmenntafélag, 1857-76.

Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. Annað bindi 1253-1350. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1893.

Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. Fjórða bindi 1265-1449. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1897.

Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. Tólfta bindi 1200-1554. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1923-1932.

Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. Fimmtánda bindi 1567-1570. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1947-50.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla. III bindi. Reykjavík: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1982.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1855-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn: J. Johnsen, 1847.

Lög um menningarminjar, nr. 80/2012.

Sindri Ellertsson Csillag. *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfsnesi í Reykjavík*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan, 2008.

Stefán Þorvaldsson. „Lýsing Mosfells- og Gufunessókna.“ Gullbringu- og Kjósarsýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855. Reykjavík: Sögufélagið, 2007.

Þorsteinn Jónsson. *Kjalnesingar: ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890*. Reykjavík: Byggðir og bú, 1998.

[Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar](#)

Borgarsögusafn Reykjavíkur. Vefur: <https://borgarsogusafn.is/utgafa/skyrslur-nytt>

Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Minjastofnun Íslands. Vefur: <https://www.minjastofnun.is/>

Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019.

Skráningarstaðlar fornleifa, 2013.

Landmælingar Íslands. Loftmyndasafn: <https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Sorpa. Vefsíða <https://www.sorpa.is/um-sorpu/saga-sorpu/>

Viðauki 1

Minjatafla fyrir skráningarsvæðið á norðanverðu Álfsnesi

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
273-33		Varða	Varða	• 1900	365518	413227	1	0,9	Sæmilegt	Nei
273-34		Skotgröf	Skotgröf	• 1940	366284	413249	7,5	7,5	Sæmilegt	Nei
273-35		Skotgröf	Grjóthrúga	• 1940	365721	413041	12	11	Sæmilegt	Nei

Minjakort fyrir skráningarsvæðið á norðanverðu Álfsnesi



Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017*. Rvk. 2018.
- 191 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfnesvík Þerneyjarsundi*. Rvk. 2018.
- 192 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði*. Rvk. 2018.
- 193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut*. Rvk. 2018.
- 194 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahjúk Úlfarsfelli*. Rvk. 2018.
- 195 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár*. Rvk. 2019.
- 196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018*. Rvk. 2019.
- 198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða*. Rvk. 2019.
- 200 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.
- 201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags*. Rvk. 2019.
- 202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfsdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Ámundadóttir, Snædis Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019*. Rvk. 2020.
- 203 Anna Lís Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ellliðaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2020.
- 204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 205 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 206 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 207 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.
- 208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2022.
- 210 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 211 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ártúnshöfði. Svæði 1-4. Húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 212 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Ártúnshöfði. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 213 Sólrún Inga Traustadóttir, Ásta Rakel Viðarsdóttir, Þóra Kristín Briem, Jakob Kristján Þrastarson, Ögn Þórarinsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2020*. Rvk. 2021.
- 214 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Holtsgata 10-12 og Brekkustígur 16. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.
- 215 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskrá. Vesturgata - Framkvæmdarsvæði frá Stýrimannastíg að Bræðraborgastíg og þaðan niður að Hlésgötu*. Rvk. 2021.
- 216 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 6 – Breiðholt*. Rvk. 2021.
- 217 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rauðhólar. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 218 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Sörlaskjól. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.
- 219 Sólrún Inga Traustadóttir, Albína Hulda Pálsdóttir, Brynja Árnadóttir, Gavin Lucas, Sigþór Bjarmi Geirsson, Torbjörn Brorsson: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2021*. Rvk. 2022.
- 220 Salvör Jónsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Stúdentagarðar við Eggertsgötu. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 221 Alma Sigurðardóttir: *KR-svæðið – Frostaskjól 2-6. Húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 222 Salvör Jónsdóttir: *Keldur og Keldnaholt. Húsakönnun*. Rvk. 2022.
- 223 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.
- 224 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskrá. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.
- 225 Sólrún Inga Traustadóttir, Daníel Freyr Ívarsson, Guðrún M. Eyfjörð Skarphéðinsdóttir, Ingvar Örn Magnússon, Jóhanna Teuffer, Margrét Rós Svansdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2022*. Rvk. 2023.
- 226 Guðlaug Erna Jónsdóttir og Salvör Jónsdóttir: *Bensínstöðvar á uppbygggingarlóðum. Húsakönnun*. Rvk. 2023.
- 227 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Leirtjörn vestur. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.
- 228 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning fyrir Skotsvæði á norðanverðu Álfnesi*. Rvk. 2023.
- 229 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Klöpp – Skúlagata. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.
- 230 Anna Lís Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna Borgalínu – Lotu 1. Ártúnshöfði - Fossvogur*. Rvk. 2023.